

## **Aðalfundur SBU 12.apríl 2019**

Fundarstjóri: Halldór K. Valdimarsson

Fundarritari: Óskar Þór Þráinsson

Mættir: Stjórn: Sigrún, Sigríður, Sveinn, Óskar, Halldór og 12 gestir auk 1 á símafundi.

### **1. Skýrsla stjórnar**

- Sigrún Guðnadóttir, formaður, reifaði helstu punktar úr ársskýrslu stjórnar sem verður aðgengileg á vef SBU að fundi loknum.
- Skýrsla samþykkt samhljóða.

### **2. Reikningar félagsins**

- Sveinn kynnti reikningafélagsins.
- Ársreikningur SBU 2018.
- Ársreikningur Vísindasjóðs SBU 2018.
- Ársreikningur Kjaradeilusjóðs SBU 2018.

Reikningar félagsins samþykktir samhljóða.

### **3. Lagabreytingar**

- *Tillaga til breytinga á lögum SBU, lögð fyrir aðalfund 12. apríl 2019.*  
5. gr. laga SBU hljóðar svo nú:

5. gr. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum; formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda sem kosnir skulu á aðalfundi. Auk þess skal kjósa einn varamann.

Formann skal kjósa sérstaklega. Á fyrsta fundi eftir aðalfund skiptir stjórnin að öðru leyti með sér verkum.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Annað árið skal kjósa formann og tvo stjórnarmenn en hitt árið tvo stjórnarmenn og varamann.

---

Greinin hljóði svo eftir breytingu:

5.gr. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum; formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda sem kosnir skulu á aðalfundi. Auk þess skal kjósa tvo varamenn.

Formann skal kjósa sérstaklega. Á fyrsta fundi eftir aðalfund skiptir stjórnin að öðru leyti með sér verkum.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Annað árið skal kjósa formann, tvo stjórnarmenn og einn varamann en hitt árið tvo stjórnarmenn og einn varamann. Þurfi að kalla varamann í stjórn, skal fyrst kalla þann til sem lengur hefur setið.

---

Greinargerð:

Komið hefur í ljós að fyrir fimm manna stjórn þarf tvo varamenn.

Samþykkt samhljóða.

*Viðaukatillaga við 5. gr.*

5a. Bráðabirgðaákvæði 2019

Á aðalfundi félagsins árið 2019 verða kosnir tveir varamenn, einn til eins árs sem verður kallaður fyrr inn í stjórn, og einn til tveggja ára.

Samþykkt samhljóða.

**4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár ákvörðun um félagsgjöld og önnur gjöld**

- Sigrún kynnti fjárhagsáætlun næsta árs.
- Félagsgjöld verður óbreytt milli ár.

Samþykkt samhljóma

**5. Kosningar stjórnarmanna sbr. 5.gr.**

- Kostid verður um 3 stjórnarsæti, formann og 2 í stjórn og 2 varamenn.
- Hallfríður gengur úr stjórn en býst til að sitja áfram sem varamaður til eins árs. Helga lætur af störfum sem varamaður.

· Framboð í formann: Sigrún Guðnadóttir

· Framboð: Sigrún Júlía Sighvatsdóttir býðst til að sitja áfram. Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar býður sig fram.

Framboð til tveggja varamanna: Hallfríður Kristjánsdóttir til eins árs.

Ívar Ólafsson til tveggja ára.

Engin önnur framboð komu fram og þeir því sjálfkjörnir.

**6. Kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa inna félagsins**

- Stjórn tekur að sér að úthluta fulltrúum í þær nefndir sem SBU tekur þátt í innan BHM og skiptir með sér verkum.

Samþykkt samhljóma.

**7. Fyrirspurn varðandi gjafabréf í WOW sem keypt var gegnum Orlofssjóð.**

- Stjórn sendi erindi á Orlofssjóð um hvað félagar sem keyptu gjafabréf hjá Wow eigi að gera.

**8. Starfsmat Sveitarfélaga**

Umræður um um stöðu og stefnu í starfsmati sveitarfélaga.

Fundi slitið kl.13.30.